

Garðabær, 01. apríl 2019

2019030035/42-0

TB

tb

Hótel í landi Skerðingsstaða, Grundafjarðarbæ, verkefnislýsing fyrir gerð deiliskipulags

Vísað er til bréfs og tölvupósts frá Grundafjarðarbæ, dag. 18. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verkefnislýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir hótel í landi Skerðingsstaða Grundafjarðarbæ. Í gögnum málsins kemur fram að framkvæmdin er tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum og að deiliskipulagið fellur þ.a.l. undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Athugasemdir og ábendingar:

Í kafla 2.2. segir: „Fjaran og strandlína Breiðafjarðar liggur utan við stíflu lónsins, um 1,3 km frá deiliskipulags, Friðun Breiðafjarðar liggur við strandlinuna.“ Með setningunni er gefið í skyn að Lárvaðall og fjörur hans sé ekki innan verndarsvæði Breiðafjarðar. Náttúrufræðistofnun kannast ekki við annað en að Lárvaðall sé talinn vera innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. kort af verndarsvæðinu. Auk þess er Lárvaðall ekki alveg lokaður eins og gefið er í skyn í texta en á lofmyndum sést að opið er milli vaðalsins og sjávar. Brimlárhöfði er á náttúruminjaskrá nt. 226. Einnig er rétt að benda á að Lárvaðall er kortlagður sem hluti af mikilvægu fuglasvæði Breiðafjarðar, sjá einnig <https://www.ni.is/node/16116> <https://ni.is/midlun/natturuminjaskra> og <https://ni.is/node/21572>.

Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á almenn ákvæði laga um náttúruvernd gilda á þessu svæði sem öðrum, sjá einnig hér að neðan, s.s. 61. gr. laga um náttúruvernd um sérstaka vernd en þar er ástæða til að benda sérstaklega á ákvæði um votlendi.

Í kafla um „Tengsl við aðrar áætlanir“ segir þar sem fjallað er um Velferð til framtíðar og Staðardagskrá 21 að fyrirhuguð deiliskipulagstillaga samræmist markmiðum um sjálfbæra þróun án þess að það sé rökstutt frekar. Vætanlega verður það gert en fullyrðingar eru vafasamar á þessu stigi málsins ef þeim fylgir enginn rökstuðningur. T.d. er tilvísun í texta í Velferð til framtíðar en sá texti er aðeins lýsandi fyrir ákveðna stefnumörkun í afmörkuðum þáttum en er ekki rökstuðningur fyrir tilteknum verkefnum eða þeim áhrifum sem það kann að hafa, þ.e. hvað það er sem tryggir sjálfbæra þróun.

Við frekari vinnslu á málinu vill Náttúrufræðistofnun benda á eftirfarandi:
Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags).



Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu, umhverfismati áætlana og mati á umhverfisáhrifum sé skoðað hvernig viðkomandi áætlun eða mat samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (Markmið laganna), 2. gr. (Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir) og 3. gr. (Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem, eftir eðli framkvæmda, ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

